
NÁMA E-63 BREIÐÁRLÓN Sveitarfélaginu Hornafirði Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 1. apríl 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða efnistöku úr námu E-63, Breiðárlón í Sveitarfélaginu Hornafirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og lið 2.03 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Forsætisráðuneytisins, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Náma E-63 Breiðárlón í Sveitarfélaginu Hornafirði. Vegagerðin mars 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Sveitarfélaginu Hornafirði með tölvupósti dags. 4. maí 2016.
- Forsætisráðuneytinu með bréfi dags. 12. maí 2016.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 17. apríl 2016.
- Orkustofnun með bréfi dags. 3. maí 2016.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 3. maí 2016.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 17. maí 2016.

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur að fyrirhuguð efnistaka sé úr opinni námu þar sem áður hafi verið teknir 49.000 m³ en fyrirhugað sé að taka í áföngum 40.000 m³ til viðbótar til viðhalds á rofvörnum næstu 10 árin. Efnid úr námunni eigi að nota í fyrirhugaðar viðgerðir á rofvörnum við Jökulsá á Breiðamerkursandi, til varnar Hringveginum (1), í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Fram kemur að náman sé norðan við Breiðá og um 1,2 km norðaustan við Breiðárlón og sé á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2013-2030. Náman sé í gabbróinnskoti norðan við Breiðárlón í um 12 km fjarlægð frá Jökulsá. Að námunni liggja tæplega 7 km langur slóði frá Hringveginum sem verði nýttur sem námuvegur. Næst efnistökusvæðinu þarf að aka eftir malarlóð yfir farveg Breiðár, en þar renni áin um farveginn í breytilegum álum með malarbotni. Miðað sé við að verktaki setji tímabundið ræsi í ána, sem verði fjarlægt að efnistöku lokinni.

Þá kemur fram að gert sé ráð fyrir að náman verði unnin með útvíkkun námustáls á öllum hliðum og miðað við að botn hennar verði áfram nokkuð sléttur. Flatarmál námunnar verði um 9.000 m². Hún verði u.þ.b. 100-120 m löng og 80-90 m breið. Gera megi ráð fyrir að hægt sé að vinna þarna allt að 10-12 m hátt stál innan til í námunni, en 3-5 m yst. Áætlað sé að fyrsti áfangi efnisvinnslu verði vorið 2016 og unnir verði um 10.000 m³ af grjóti í námunni. Reynt verði að haga



framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði og vinnsla í námunni verði ekki lengur en nauðsyn krefji. Framkvæmdatími sé háður vatnavöxtum, sem verði ár hvert en mikið rennsli er í Breiðá í júní – september. Æskilegur framkvæmdatími sé því snemma árs með tilliti til vatnavaxta. Við efnistöku úr námunni 2010 hafi viðkomandi verktaki verið með tímabundna vinnuaðstöðu á bílastæðivið bakka Breiðár. Mögulegt sé að sami staður verði nýttur fyrir tímabundna vinnuaðstöðu verktaka. Í verklok skal verktaki ganga frá lausu efni sem ekki nýtist í grjótvörn undir stáli í norður og austurkanti námunnar þannig að námustál verði minna áberandi og falli eins og kostur er að umhverfinu.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð Vegagerðarinnar er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á landslag og verndarsvæði í Þjóðlendu, jarðmyndanir og fugla.

Landslag og verndarsvæði í Þjóðlendu. Fram kemur að náman sé á svæði sem er á náttúruminjasrá innan Þjóðlendu Námusvæðið sé ekki sýnilegt frá Hringveginum eða Jökulsárlóni, þar sem umferð ferðamanna sé mest. Námusvæðið hafi nýlega komið undan jökli og sé því gróðurvana. Landslaginu á svæðinu hafi verið raskað áður með efnistöku. Náman muni hafa lítil áhrif á landslagið. Með góðri hönnun, frágangi og eftirliti með framkvæmdum sé hægt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum efnistökkunnar á landslag. Lögð verði áhersla á vandaðan frágang og allur akstur vegavinnutækja utan markaðs framkvæmdasvæðis verði óheimill.

Í umsögn forsætisráðuneytisins kemur fram að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði sjónræn og á landslag. Þegar framkvæmdinni ljúki hafi verið teknir tæplega 80.000 m³ og eftir standi allt að 12 m hátt námustál á 9.000 m² svæði.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að mat á umhverfisáhrifum efnistöku úr námu E-63 við Breiðárlón myndi bæta mjög litlu við það sem kemur fram í kynningarskýrslu Vegagerðarinnar frá mars 2016 og þeim viðbótum sem komi fram svörum við umsögn Orkuskipti og Umhverfisstofnunar. Náman sé þegar opin og áhrif hennar hafi þegar komið fram í landslaginu. Fyrirhuguð efnistaka muni aðeins breyta lítilsháttar þeim áhrifum sem þegar hafi komið fram. Námusvæðið sé nýlega komið undan jökli. Vegagerðin telji að framkvæmdin muni ekki hafa veruleg áhrif á landslag.

Jarðmyndanir. Fram kemur að berggrunnur austan við Breiðamerkurjökul sé basalt frá tertíertíma. Berggrunnurinn sé mjög djúpt rofinn og innskotatíðni sé há, þannig að basaltið sé allmikið ummyndað, sérstaklega í nágrenni við innskotin. Vestari hluti innskotsins sé mikið brotinn og þar er talsvert af granófýr og basaltæðum í bland við gabbróið. Eystri hluti innskotsins sé hins vegar gerður úr nokkuð heillegu gabbrói og hafi það verið notað í rofvarnir. Þær jarðmyndanir sem verði fyrir áhrifum njóti ekki verndar. Talsvert sé af allstóru grjóti ofan á jökulurðinni á stöku stað. Þetta grjót hafi verið tínt í rofvarnir Jökulsár á undanförunum árum. Svæðið teljist ekki sérstakt eða markvert með tilliti til jarðmyndana. Talið sé að áhrif námunnar á jarðmyndanir verði óveruleg.

Í umsögn Orkuskipti og Umhverfisstofnunar er bent á að gabbró sé ekki algengt á Íslandi og því sé efnistökusvæðið að mörgu leyti sérstakt með tilliti til jarðmyndana.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að þótt gabbró sé sjaldgæft á Íslandi, falli það ekki undir þær jarðmyndanir sem beri að vernda skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Náman sé nú þegar opin og því telji Vegagerðin að verndargildi hennar sé minna en ef engin efnistaka hefði farið fram á svæðinu. Í gegnum árin hafi Vegagerðin kannað mögulegt grjótnám í Örafum og víðar, en því miður sé ekki um aðra möguleika að ræða á þessu landsvæði. Næsta mögulega grjótnám gæti verið við Kolgrímu í Suðursveit, í um 43 km fjarlægð frá Jökulsá. Sú náma sé innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs í Hjöllum austan við Skálafellsjökul í grónu umhverfi, nokkuð sunnan við lón jökulsins vestan við Kolgrímu og nærri vinsælli ferðamannaleið upp að Heinabergsjökli.



Fuglar. Fram kemur að Breiðamerkursandur sé skilgreindur sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði vegna skúms og lóms. Búsvæði fugla sé helst við ströndina en einnig í litlum votlendisblettum, ám og lækjum. Auðugt fuglalíf sé á Jökulsárlóni t.d sé þar kría, kjói, skúmur, lómur, skarfur auk ýmissa mávattegunda og þá hafi sést til langvíu, stuttnefju og álku á lóninu og sjónum við útfall þess. . Rofvarnir í árfarvegi geti haft áhrif á straumhraða og útlit Jökulsár á Breiðamerkursandi og haft áhrif á lífríki sem aftur hefur áhrif á fæðuöflun fugla. Gert sé ráð fyrir að fyrirhuguð efnistaka muni hafa lítil áhrif á fuglalíf þar sem þéttleiki á lítt grónu landi sé almennt lítill og svæði sem raskast ekki verulegt að flatarmáli. Áhrif á fugla verði helst á framkvæmdatíma vegna rasks á búsvæðum og hávaða við efnisvinnslu og umferð vinnuvéla. Áhrifin á fugla á svæðinu verði tíma- og staðbundin. Til að neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdanna á fuglalíf verði sem minnst verði reynt að skerða óraskað land sem minnst.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Orkustofnun og Umhverfisstofnun telja ekki að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Forsætisráðuneytið telur að framkvæmdirnar skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulag og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Jafnframt nýtingarleyfi Orkustofnunar kv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og leyfi skv. vatnalögum nr. 15/1923.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða allt að 40.000 m³ efnistöku í opinni námu, E-63, Breiðárlón í Sveitarfélaginu Hornafirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2.03 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði varanleg röskun á gabbrói. Skipulagsstofnun tekur undir með Orkustofnun um að gabbró er fremur fágætt berg á yfirborði í íslenskum jarðmyndunum. Þó svo að það njóti ekki verndar ætti því að nota það sparlega. Skipulagsstofnun telur að Vegagerðin hafi sýnt fram á að hörgull sé á heppilegu bergi í nágrenni Jökulsár á Breiðamerkursandi og því eru aðrir kostir til efnistöku allfjarri ánni. Skipulagsstofnun telur afar brýnt að gengið verði frá efnistökusvæðinu í lok framkvæmda þannig að ummerki þeirra verði í algjöru lágmarki.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð efnistaka úr námu E-63 Breiðárlón í Sveitarfélaginu Hornafirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.



Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 24. júní 2016.

Reykjavík, 20. maí 2016.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson